

144. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Hafsteinn H. Gunnarsson, Bryndís Skúladóttir, Eiður Guðmundsson, Ingbór Guðmundsson, Ragna Halldórsdóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Staður og stund: 3. júní 2013, kl. 9:30 – 10:15, símafundur.

Þetta gerðist

1. Fenúr fréttir

Komið er tilboð frá 8.is sem sér um heimasíðuna. Þeir koma með tilboð um einfalt kerfi, uppsetningu og mánaðar áskriftargjald. Engar upplýsingar koma um hversu margir opna það osfrv. Stærra og fullkomnara kerfi með upplýsingum um notkun kostar meira og mánaðargjald háð fjölda útsendra emaila. **RH** tekur málið áfram með einfalt póstkerfi. Greinaskrif verða áfram krefjandi fyrir stjórnina. Stjórnin þarf að vera virk í að skrifa eða biðja aðra um að skrifa um áhugavert efni. Skoða má að fá free-lance aðila til að skrifa fyrir okkur eins gert hefur verið. Áslaug sendir grein uppúr erindi sínu.

2. NAF fundur í Osló

HGH undirbýr för á fundinn. Dagskrá komin og allt að verða klárt.

3. Haustfundur.

Rætt um Stykkishólm, fyrsta svæðið sem tók upp þriggja tunnu kerfi og er með Earth Check vottun. Stálendurvinnsla að fara af stað á Grundartanga. Gæti verið komnir hlutir í gang varðandi úrgang og orku á Hvanneyri í Orkusetri landbúnaðarins. Fíflholt er í leiðinni. **EG** skoðar hvað er í boði á Hvanneyri og talar við Hrefnu. **IG** skoðar í sínum ranni hvað er í gangi á svæðinu. **BS** hefur rætt við Stefán Gísla sem kom með upplýsingar. Setja þarf upp hring með stöðum sem á að skoða og kanna hvar er heppilegt að gista og halda ráðstefnu.

Næsti fundur verður boðaður í lok júní.

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir